



STARFSMANNAFÉLAG REYKJAVÍKURBORGAR

GRETTISGÖTU 89 • 105 REYKJAVÍK • Sími 525 8330 • FAX 525 8339 • TÖLVUPÓSTUR: strv@bsrb.is • VEFFANG: strv.bsrb.is

Alþingi

Erindi nr. P 128/1687

komudagur 11. 3. 2003

Reykjavík, 10. 03. 2003

Efnahags og viðskiptanefnd Alþingis
B.t. Ágúst Geirs Ágústssonar
nefndarritara.

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna 298. mál,
aðild að stéttarfélagi.**

Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar leggst alfarið gegn efni frumvarpsins. Vísað er til fyrri umsagnar félagsins um sama efni og enn fremur umsagnar BSRB um það mál.

Virðingarfyllst,
f.h. St.Rv.


Sjöfn Ingólfssdóttir formaður

Alþingi

Erindi nr. P 128/1685
komudagur 11. 3. 2003


Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Alþingi
150 Reykjavík

Reykjavík, 11. mars 2003.

Umsögn um frv. til laga um br. á lögum um kjarasamn. opinb. starfsmanna nr. 94/1986.

Með vísan til bréfs dags. 21.02. 2003 þar sem Félagi háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins (FHSS) er gefinn kostur á að veita umsögn um fram komið frv. til laga um br. á lögum um nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna óskar FHSS eftir að áréttta fyrri umsögn dags. 30.03. 2001 þar sem klykkt er út með eftirfarandi orðum: „...fram fari gagnger athugun á lögnum, frekar en að tínt sé út eitt og eitt atriði eftir smekk einstakra þingmanna“. Félagið er sem fyrr hlynnt heildarendurskoðun á kjarasamningslögnum og fagnar hverju því framtaki sem orðið getur til þess að efla og treysta réttindi og kjör opinberra starfsmanna.

Virðingarfyllst,



Ólafur Grétar Kristjánsson
formaður FHSS

Stjórn FHSS er svo skipuð: Ólafur Grétar Kristjánsson, formaður, menntamálaráðuneyti, Auðbjörg Halldórsdóttir, utanríkisráðuneyti, Björn Arnar Magnússon, félagsmálaráðuneyti, Dórothea Jóhannsdóttir, fjármálaráðuneyti, Kristín Helga Markúsdóttir, samgönguráðuneyti, Margrét Erlendsdóttir, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti og Sigfríður Gunnlaugsdóttir, utanríkisráðuneyti.

Alþingi
Erindi nr. P 128/1701
komudagur 13.3.2003



LANDSSAMBAND LÖGREGLUMANNA

Efnahags og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 11. mars 2003

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Almennar athugasemdir

Með bréfi dags. 21. febrúar s.l. sendi efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis Landssambandi lögreglumanna (LL) frumvarp til laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna, 298 mál, aðild að stéttarfélagi.

Landssamband lögreglumanna þakkar nefndinni fyrir að fá tækifæri til að koma athugasemdum sínum að.

Frumvarpið snýr mjög að LL sem stéttarfélagi lögreglumanna.

LL vill vísa til umsagnar félagsins dags. 2. apríl 2001 um frumvarpið og ítreka andstöðu sína við breytinguna.

LL gerir talsverðar athugasemdir við framsetningu greinargerðarinnar þar sem LL telur hana nokkuð villandi og draga mjög úr þeirri vinnu sem að stéttarfélög vinna fyrir þá sem að standa utan stéttarfélaga. Þannig virðist misskilnings gæta í greinargerðinni um það sem að kallast þema 2 “félagsgjald sem þjónustugjald”. Fram kemur að aðalefni kjarasamninga opinberra starfsmanna séu laun þeirra en um rétt þeirra og skyldur, svo sem rétt til orlofs og launa í veikindaförföllum sé kveðið á um í sérlægum sem taka að sjálfsgöðu til allra opinberra starfsmanna, hvort sem þeir standa utan eða innan stéttarfélaga.

Rétt er að geta þess að laun eru mjög mikilvægur þáttur kjarasamninga en önnur réttindamál eins og orlof og veikindaréttur sem nefnd eru í greinargerðinni eru einnig gríðarlega mikilvæg. Þannig virðist gengið út frá því í greinargerðinni að önnur réttindi starfsmanna en laun séu ákveðin í lögum og stéttarfélög komi ekki að þessum málum. Það er rétt að í lögum er kveðið á um að rétt starfsmanna til orlofs eða veikindaréttar en ekki er mælt neitt nánar fyrir um þann rétt. Þannig hafa stéttarfélög komið að því að semja um þau réttindi og má t.d. nefna veikindarétt starfsmanna en þar hafa sum stéttarfélög afhent samningsumboð sitt til bandalaga stéttarfélaga. Gríðarlega mikilvæg

LANDSSAMBAND LÖGREGLUMANNA


réttindi hafa unnist varðandi veikindarétt fyrir tilstuðlan stéttarféлага en lögin sem slík veita engan rétt. Þannig nær ávinningur þessara mikilvægu réttinda einnig til þeirra sem standa utan féлага.

Þá er kveðið á í greinargerðinni um þá stefnu að heimila forstöðumönnum ríkisstofnana að gera persónulega samninga við starfsmenn um launakjör og að starfsmenn njóti ekki þjónustu stéttarfélagsins nema í samningum um lágmarkslaun.

Þarna virðist talsverðs misskilnings gæta enda algengt í kjarasamningum að þjónusta stéttarfélaganna nái langt út fyrir það að semja um endanleg launakjör. Þannig eru skýr ákvæði um að svokallaðar samstarfsnefndir (þar sem að sitja bæði fulltrúar stéttarfélagsins og atvinnurekanda) sem að starfa á samningstímabilinu fjalli um nauðsynlegar breytingar sem gera þarf á stofnanasamningum (oft ákvarðanir um launakjör allra líka þeirra sem að standa utan féлага) og taka á vandamálum er upp kunna að koma varðandi stofnanasamninga. Mikil vinna fer þarna fram og nýtist hún einnig þeim sem að eru ófélagsbundnir

Í greinargerðinni eru sérstaklega nefnd framangreind atriði og telur LL að vinna stéttarféлага varðandi þá sem standa utan stéttarféлага sé mun meiri varðandi þessi atriði en reynt er að halda fram í greinargerðinni. Þá má að auki nefna alla aðra þá vinnu varðandi kjarasamninginn sem nýtist þeim sem að standa utan féлага og er sú vinna í gangi einnig á milli kjarasamninga.

Virðingarfyllst



Grétar Jónsson hdl.,
framkvæmdastjóri LL



LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS
ICELANDIC MEDICAL ASSOCIATION

Alþingi
Erindi nr. P 128/1473
komudagur 4.3.2003

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Kópavogi 26. febrúar, 2003

Efni: Beiðni yðar um umsögn um frumvarp til laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna, 298. mál, aðild að stéttarfélagi

Læknafélag Íslands (LÍ) hefur áður gert athugasemdir við frumvarp sama efnis. Þær breytingar hafa ekki verið gerðar á ofangreindu frumvarpi sem mæta sjónarmiðum félagsins. Læknafélag Íslands vísar því til fyrri umsagnar sinnar.

Virðingarfyllst,
f.h. Læknafélags Íslands

Sigurbjörn Sveinsson
formaður

Alþingi
Erindi nr. P 128/1080
komudagur 11. 3. 2003

Nefndasvið Alþingis
Ágúst Geir Ágústsson, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Reykjavík, 11. mars 2003

Umsögn laganefndar Lögmannafélags Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna; þskj. 320 – 298. mál., 128. löggjafarþing 2002-2003.

Laganefnd Lögmannafélags Íslands hefur áður haft frumvarp um ofangreint málefni til umsagnar, sbr. umsögn nefndarinnar um mál nr. 209, þskj. 220, sem lagt var fram á 126 löggjafarþingi, en umsögn nefndarinnar var send nefndasviði Alþingis með bréfi dags. 29. mars 2001. Leyfir nefndin sér að vísa til þeirra sjónarmiða sem þar koma fram.

Virðingarfyllt,
f.h. laganefndar Lögmannafélags Íslands

Jóhannes R. Jóhannsson, hrl.
formaður